

Kæri starfsmaður,

Skólinn notar kannanakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í skólanum um: **viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti.**

Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um: **stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat.**

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Könnunin fer fram í mars og skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir *Persónuverndarstefna*.

Visar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.

Ef þú er móttfallin því að eiga möguleika á að svara könnuninni, vinsamlegast hafðu samband við skrifstofu skólans. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.